

Skýrsla

um

tillögur að breytingum á skipan sýslumannsembætta í landinu

28. febrúar 2010

Þorleifur Pálsson

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Stutt sögulegt yfirlit yfir verkefni sýslumanna.....	5
3. Núverandi skipan sýslumannsembættanna.....	6
4. Verkefni sýslumanna.....	7
4. 1. Verkefni sem allir sýslumenn annast.....	7
4. 2. Verkefni sem sýslumenn utan Reykjavíkur annast.....	10
4. 2. 1. Innheimta opinberra gjalda	10
4. 2. 2. Umboðsstörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins og Sjúkratryggingar Íslands.....	10
4. 2. 3. Leyfi, skírteini og skráningar	11
4. 2. 4. Ýmis önnur verkefni	11
4. 3. Sýslumenn sem annast lögreglustjórn	11
4. 4. Sýslumenn sem annast sérstök verkefni	11
5. Nokkur sjónarmið sem höfð eru að leiðarljósi við endurskoðun á skipan sýslumannsembættanna.....	12
5. 1. Ástæður endurskoðunar	12
5. 2. Markmið sem höfð eru að leiðarljósi við endurskoðunina	12
5. 3. Nánar um framangreind markmið	13
5. 4. Endurskoðunin verði í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda samkvæmt sóknaráætlun 20/20	13
5. 5. Starfsstöðvar sýslumanna	14
5. 6. Nýting á núverandi húsnæði o. fl.....	14
6. Meginkjarni í tillögum að breyttri skipan sýslumannsembættanna	15
6. 1. Tillögurnar eru miðaðar við að löggæsla verði skilin frá starfsemi sýslumanna.....	15
6. 2. Landinu verði skipt í sjö stjórnsýslusvæði	15
6. 3. Fjöldi sýslumanna.....	15
6. 4. Starfsstöðvar sýslumanna	16
6. 5. Núverandi húsnæði nýtt án viðbótarkostnaðar	16
6. 6. Sýslumannsembættin haldi núverandi verkefnum og taki að sér ný	16
7. Ný skipan embætta sýslumanna í landinu	17
7. 1. Vesturland.....	17
7. 1. 1. Núverandi skipan	17
7. 1. 2. Sérstök verkefni unnin af sýslumönnum.....	17
7. 1. 3. Húsnæði og önnur aðstaða	17
7. 1. 4. Tillögur að nýrri skipan	18
7. 2. Vestfirðir.....	18
7. 2. 1. Núverandi skipan	18
7. 2. 2. Sérstök verkefni unnin af sýslumönnum.....	19
7. 2. 3. Húsnæði og önnur aðstaða	19
7. 2. 4. Tillögur að nýrri skipan	19
7. 3. Norðurland vestra	20
7. 3. 1. Núverandi skipan	20
7. 3. 2. Sérstök verkefni unnin af sýslumönnum.....	20
7. 3. 3. Húsnæði og önnur aðstaða	20
7. 3. 4. Tillögur að nýrri skipan	21
7. 4. Norðurland eystra	21
7. 4. 1. Núverandi skipan	21
7. 4. 2. Sérstök verkefni unnin af sýslumönnum.....	21

7. 4. 3. Húsnæði og önnur aðstaða	21
7. 4. 4. Tillögur að nýrri skipan	21
7. 5. Austurland	22
7. 5. 1. Núverandi skipan	22
7. 5. 2. Sérstök verkefni unnin af sýslumönnum.....	22
7. 5. 3. Húsnæði og önnur aðstaða	22
7. 5. 4. Tillögur að nýrri skipan	22
7. 6. Suðurland.....	23
7. 6. 1. Núverandi skipan	23
7. 6. 2. Sérstök verkefni unnin af sýslumönnum.....	23
7. 6. 3. Húsnæði og önnur aðstaða	24
7. 6. 4. Tillögur að nýrri skipan	24
7. 7. Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes.....	24
7. 7. 1. Núverandi skipan	24
7. 7. 2. Sérstök verkefni unnin af sýslumönnum.....	25
7. 7. 3. Húsnæði og önnur aðstaða	25
7. 7. 4. Tillögur að nýrri skipan	25
8. Sýslumannsembættin taki að sér ný verkefni	27
8. 1. Innheimta opinberra gjalda	27
8. 2. Umboðsstörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins	27
8. 3. Sýslumannsembættin verði í auknum mæli þjónustumiðstöðvar fyrir stjórnslu ríkisins í héraði	27
8. 4. Þjónusta við sveitarfélög á stjórnslusvæðinu	27
8. 6. Þjónusta við embætti lögreglustjóra	28
8. 7. Skönnun skjala.....	28
8. 8. Símaþjónusta	28
8. 9. Þjónusta við ríkisstofnanir á höfuðborgarsvæðinu og flutningur starfa út á land.....	28
8. 10. Hvernig yrði hugmyndum um flutning nýrra verkefni komið í framkvæmd?	28
8. 11. Ný verkefni sem þarfnast lagabreytinga	28
8. 11. 1. Sýslumönnum yrði falin útgáfa á leyfum og skírteinum sem lögreglustjórar gefa út samkvæmt gildandi lögum.....	29
8. 11. 2. Þjónusta við Þjóðskrá.....	29
8. 11. 3. Sáttá- og smámálameðferð.....	29
9. Fjárhagslegur ávinningur af nýrri skipan sýslumannsembættanna	30
10. Lokaorð	33
Fylgiskjal I.....	34
Tillaga að frumvarpi til laga um framkvæmdavald ríkisins í héraði	34

Skýrsla

um

tillögur að breytingum á skipan sýslumannsembætta í landinu

1. Inngangur

Með skipunarbréfi dómsmálaráðherra dags. 4. desember 2009 var mér undirrituðum falið að gera tillögur um breytingar á skipan sýslumannsembætta í landinu.

Skipunarbréfið er svofellt:

Yður er hér með falið það verkefni að gera tillögur til ráðuneytisins að breytingum á skipan sýslumannsembættanna í landinu. Tillögurnar skulu miða að því að ná fram verulegri hagræðingu í rekstri embættanna, m. a. til að mæta þeirri hagræðingarkröfu sem við blasir.

Gert er ráð fyrir því að löggæslan verði skilin frá sýslumannsembættunum og rekin í nokkrum sjálfstæðum lögregluembættum og skulu tillögurnar miða við þá forsendu.

Í tillögunum skal felast ráðagerð um það hversu mörg embættin skulu vera og staðsetningu þeirra, hvar skuli starfrækt útibú með fullri þjónustu, enda séu næg verkefni fyrir lögfræðing í fullu starfi, og hvar skuli starfrækt útibú með minni þjónustu. Við mótun tillagnanna skal gert ráð fyrir því að ekki verði dregið meira úr þjónustu sýslumannsembættanna en nauðsyn krefur.

Ekki er gert ráð fyrir því að gera breytingar á þeirri skipan að einstök sýslumannsembætti annist tiltekin verkefni. Eftir því sem unnt er kann að koma til greina að gera tillögur um að gera slíkt í ríkara mæli, ellegar að fela embættunum öllum ný verkefni.

Tillögurnar skulu vera í formi skýrslu þar sem farið er yfir helstu álitamál tengd þessum breytingum og afstaða tekin til þeirra. Jafnframt skal þar koma fram hve miklum sparnaði talið er unnt að ná fram með breytingunum og hvað þær kunni að kosta. Þá skal fylgja tillögunum lagafrumvarp með nauðsynlegum lagabreytingum.

Tillögunum skal skilað eigi síðar en í febrúar 2010, en gert er ráð fyrir að leggja frumvarp fram byggt á tillögunum fram á vörþingi.

Ráðuneytið hefur skipað sérstakan ráðgjafarhóp til að vera yður til fulltingis við þetta verkefni. Þér munuð starfa í umboði ráðherra og gera tillögur til hans en hlutverk ráðgjafarhópsins er að vera yður til stuðnings við tillögugerðina, m. a. með öflun og miðlun upplýsinga, að vera vettvangur til umræðna um úrlausn og drög að tillögum auk annarrar aðstoðar sem þér kunnið að leita eftir.

Í ráðgjafahópnum sitja Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Anna Birna Þráinsdóttir, sýslumaður í Vík, tilnefnd af sýslumannafélagi Íslands og Ásdís Ingibjargardóttir, skrifstofustjóri í dóms- og mannréttindaráðuneytinu. Bert er ráð fyrir að ítarlegt samráð verði haft við alla sýslumenn við tillögugerðina auk þess sem rætt verði við stéttarfélög og aðra hagsmunaaðila.

Í samræmi við skipunarbréfið hef ég haft samband við alla sýslumenn landsins og heimsótt langflest embættin. Tilgangur með heimsóknum til embættanna var fyrst og fremst að kanna aðstæður á hverjum stað, bæði húsnæði og aðra aðstöðu, kynna sér þau sérverkefni sem einstök embætti hafa tekið að sér, hvernig viðkomandi embætti hafi tekist að mæta sparnaðarkröfu sem uppi hefur verið og viðhorfi sýslumanna til breytinga á skipan sýslumannsembættanna. Ekki kemur fram í skýrslunni afstaða einstakra sýslumanna til verkefnisins.

Ég hef haldið fundi með ráðgjafarhópnum. Á einn fundinn mætti einnig Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Allir þessir aðilar hafa bent á atriði sem skipta máli. Skoðana þeirra á einstökum atriðum er ekki getið hér.

Einnig hef ég haft samband við nokkra yfirmenn stofnana sem tengjast málefnum með vissum hætti. Má þar nefna tollstjóran í Reykjavík, ríkisskattstjóra og lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu.

Þessari skýrslu fylgja tillögur að lagafrumvarpi um framkvæmdarvald ríkisins í héraði sem ætlað er að leysa af hólmi núgildandi lög um sama efni nr. 92/1989. Í skýrslunni er víða vitnað í frumvarpsdrögin og einstakar greinar þess.

2. Stutt sögulegt yfirlit yfir verkefni sýslumanna

Núverandi umdæmaskipan sýslumanna hefur um langa tíð verið óbreytt. Fram á tíunda áratug síðustu aldar fóru sýslumenn utan Reykjavíkur með lögreglustjórn, dómsvald á lægra dómstigi, önnuðust innheimtu opinberra gjalda, voru umboðsmenn fyrir Tryggingastofnun ríkisins auk hinna hefðbundnu verkefna sýslumanna. Að auki voru sýslumenn lengst af oddvitar sýslunefnda í sýslum landsins. Á síðustu rúmum tveimur áratugum hafa orðið verulegar breytingar á starfsemi sýslumanna og er þeirra helstu getið hér á eftir.

Með sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986, er tóku gildi 1. janúar 1987, voru sýslunefndir lagðar niður og þá jafnframt þátttaka sýslumanna í sveitarstjórnarmálum. Hinn 1. júlí 1992 varð grundvallarbreyting á skipun réttarfars í landinu með lögum um aðskilnað dómsvalds og framkvæmdavalds er tóku gildi 1. júlí 1992 svo og breytingum á öllum réttarfarslögum. Fyrir breytinguna fóru sýslumenn og bæjarfógetar utan Reykjavíkur með dómsvald á neðra dómstigi. Á þessu varð breyting með stofnun héraðsdómstóla. Sýslumönnum var áfram falið að annast aðfarargerðir, nauðungarsölu, þinglýsingar, sífjamál, skipti á dánarbúum, lögbókandagerðir, útgáfu á ýmsum leyfum og skírteinum og ýmis önnur mál. Jafnframt fóru sýslumenn utan Reykjavíkur áfram með innheimtu opinberra gjalda og önnuðust umboðsstörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Einnig fóru þeir áfram með lögreglustjórn. Veigamikil breyting varð einnig á meðferð opinberra mála er fól m. a. í sér að réttarfar í opinberum málum var fært til þess sem kallað hefur verið ákæruéttarfar. Þáttur ákæruvaldsins var aukinn og lögreglustjórum var falið ákæruvald og saksókn í minni háttar málum. Geta má breytinga á barnalögum 1992 og 2003 er fólu í sér aukin verkefni sýslumanna á sviði barnaréttar.

Með lögreglulögum nr. 90/1996 er tóku gildi 1. júlí 1997 og breyting á lögum um meðferð opinberra mála var gerð veigamikil breyting á rannsókn sakamála og ákærumedferð. Jafnframt var stofnunin Rannsóknarlögregla ríkisins lögð niður. Verkefni hennar sem voru rannsóknir allra stærri sakamála voru færð til lögreglustjóra landsins. Jafnframt var lögreglustjórum falin saksókn í auknum mæli eða í langflestum málaflokkum.

Í ársbyrjun 2007 tóku gildi breytingar á skipulagi lögreglunnar í landinu. Umdæmin voru stækkuð og embættunum fækkað úr 24 í 15. Með þessari breytingu minnkuðu verkefni hjá 9 sýslumannsembættum. Tekin var sú stefna að fækka ekki embættunum en þess í stað að finna þeim ný verkefni. Síðar í skýrslunni verður vikið nánar að þessu.

3. Núverandi skipan sýslumannsembættanna

Sýslumannsembættin í landinu eru nú samtals 24.

Skipta má embættunum í eftirtalda flokka.

1. Embætti sem eingöngu annast hin hefðbundnu verkefni sýslumanna:

- Sýslumaðurinn í Reykjavík

2. Embætti sem annast hin hefðbundnu verkefni sýslumanna auk innheimtu opinberra gjalda og umboðsstörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins, en hafa ekki með höndum löggæslu:

- Sýslumaðurinn í Búðardal
- Sýslumaðurinn á Patreksfirði
- Sýslumaðurinn í Bolungarvík
- Sýslumaðurinn á Hólmavík
- Sýslumaðurinn á Siglufirði
- Sýslumaðurinn á Höfn
- Sýslumaðurinn í Vík
- Sýslumaðurinn í Keflavík
- Sýslumaðurinn í Kópavogi
- Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

3. Embætti sem annast hin hefðbundnu verkefni sýslumanna, innheimtu opinberra gjalda, umboðsstörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins svo og löggæslu:

- Sýslumaðurinn á Akranesi
- Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Fer með löggæslu í sínu umdæmi og umdæmi sýslumannsins í Búðardal.
- Sýslumaður Snæfellinga
- Sýslumaðurinn á Ísafirði
Fer með löggæslu í sínu umdæmi og umdæmi sýslumannanna á Patreksfirði, Bolungarvík og Hólmavík.
- Sýslumaðurinn á Blönduósi
- Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
- Sýslumaðurinn á Akureyri
Fer með löggæslu í sínu umdæmi og umdæmi sýslumannsins á Siglufirði.
- Sýslumaðurinn á Húsavík
- Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
- Sýslumaðurinn á Eskifirði
Fer með löggæslu í sínu umdæmi og umdæmi sýslumannsins á Höfn.
- Sýslumaðurinn á Hvolsvelli
Fer með löggæslu í sínu umdæmi og umdæmi sýslumannsins í Vík.
- Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
- Sýslumaðurinn á Selfossi

Hjá sýslumönnum á Akranesi, Ísafirði, Akureyri, Eskifirði og Selfossi eru starfræktar sérstakar rannsóknardeildir sem veita öðrum embættum aðstoð.

4. Verkefni sýslumanna

4. 1. Verkefni sem allir sýslumenn annast

Hin hefðbundnu verkefni sýslumanna byggjast á ýmsum lögum. Hér eru verkefni talin upp og vísað til viðkomandi laga.

a. Þinglýsingar

Þinglýsing er opinber skráning skjala sem gegnir því hlutverki að afla réttindum þeim sem skjölin taka til, verndar gagnvart þriðja manni.

Um þinglýsingar gilda þinglýsingalög nr. 39/1978, reglugerð um þinglýsingar nr. 405/2008, lög um fjöleignahús nr. 26/1994, II kafli, lög um stimpilgjald nr. 36/1978, lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991 (8., 14. og 17. gr.)

b. Fullnustugerðir

Fullnustugerð hefur verið skilgreind sem valdbeitingarathöfn, sem ríkið grípur til í því skyni, að þvinga fram efndir á skyldu manns eða persónu að lögum sem hlutaðeigandi vill ekki eða getur ekki orðið við af fúsum og frjálsum vilja. Fullnustugerðir má í aðalatriðum flokka í þrjá flokka, þ. e. aðfarargerðir, bráðabirgðaaðgerðir og nauðungarsölur.

• Aðfarargerðir

Aðfarargerðum má skipta í eftirfarandi málaflokka:

- Fjárnám.
Fjárnám fer fram til að fullnægja skyldu um greiðslu peninga og felst í því að taka veð, aðfararveð í eignum skuldara til tryggingar kröfum á hendur honum.
- Aðför til fullnustu kröfu um annað en greiðslu peninga.
- Skuldbinding samkvæmt löggerningi.
- Að framfylgja banni samkvæmt aðfararheimild.
- Útburðargerð.
- Innsetningargerð.

Um málefnið gilda lög um aðför nr.90/1989.

• Bráðabirgðagerðir

Bráðabirgðagerðum má skipta í eftirfarandi aðgerðir:

- Kyrrsetning.
- Lögbann.
- Löggeymsla.

Um málefnið gilda lög um kyrrsetningu og lögbann nr. 31/1990.

• Nauðungarsölur

Nauðungarsala er athöfn sýslumanns við að koma eign í verð, án tillits til vilja eigenda hennar í þeim tilgangi að greiða fjárskuldbindingar sem veðréttindi eða önnur tryggingaréttindi eru fyrir í eigninni, til að slíta sameign eða ráðstafa óskilamunum. Um nauðungarsölu gilda lög nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

c. Sifjamál

Sýslumaður fer með sifjamál í sínu stjórnýsluumdæmi. Sifjamál fjalla fyrst og fremst um fjölskylduna í þjóðfélaginu. Oft er talað um að fjölskylduréttur greinist í grófum dráttum í hjúskaparrétt, sambúðarrétt og barnarétt. Reglur um hjúskap er að finna að meginstefnu í einum lagabálki, þ. e. hjúskaparlögum nr. 31/1993. Um börn gilda barnalög nr. 76/2003 og barnaverndarlög nr. 80/2002.

Sifjamálum má skipta í eftirfarandi málaflokka:

- **Hjónavígsla**
Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra annast borgaralegar hjónavígslur, hver í sínu umdæmi.
- **Staðfest samvist**
Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra framkvæma staðfestingu á samvist.
- **Hjónaskilnaður**
Hjón geta leitað til sýslumanns og óskað eftir skilnaði ef þau eru sammála um það, en einnig geta þau leitað til dómstóla, sem er í raun fátítt.
Annars vegar er um að ræða skilnað að borði og sæng, sem er að jafnaði undanfari lögskilnaðar og hins vegar lögskilnaður.
Skilyrði þess að sýslumaður geti lokið skilnaðarmáli er að samkomulag sé um forsjá og meðlag með börnum svo og samkomulag um fjárskipti eða úrskurður héraðsdóms liggi fyrir um að opinber skipti skuli fara fram til slita á félagsbúi þeirra.
- **Sambúðarslit**
Að megin efni til gilda sömu reglur um sambúðarslit og hjónaskilnaðarmál.
- **Faðerni barns**
Ef móðir er hvorki í hjónabandi né sambúð við fæðingu barns verður að feðra það. Þá þarf að afla faðernisviðurkenningar manns sem móðir hefur lýst föður barnsins. Neiti lýstur barnsfaðir að vera faðir barns verður móðir að höfða faðernismál fyrir dómstóli.
- **Forsjá barns**
Ef foreldrar deila um hvort þeirra skuli hafa forsjá barns geta þau leitað til sýslumanns. Ef ekki næst samkomulag milli foreldra um deilumálið hjá sýslumanni verður það foreldri sem hyggst krefjast breytingar á forsjánni að höfða mál fyrir dómstólum.
- **Umgengni**
Foreldrar sem deila um hvernig umgengni við barn/börn þeirra skuli háttað geta leitað til sýslumanns. Sýslumaður getur neitað að samþykkja samning milli foreldra um umgengni ef hann telur að samningurinn þjóni ekki hagsmunum barnsins/barnanna. Ef foreldrar eru ekki sammála um hvernig umgengni skuli háttað geta þau leitað eftir úrskurði sýslumanns. Hann úrskurðar eftir því sem hann telur barninu/börnunum vera fyrir bestu. Þeim úrskurði má áfrýja til dóms- og mannréttindaráðuneytisins.

- **Meðlagsmál**

Sýslumaður verður að staðfesta samning foreldra um meðlagsgreiðslur, annars hefur samningurinn ekki gildi samkvæmt barnalögum. Ef ekki næst samkomulag um meðlagið getur sýslumaður úrskurðað foreldri til greiðslu meðlags. Þeim úrskurði má áfrýja til dóms- og mannréttindaráðuneytisins.

- **Sérstök framlög**

Í vissum tilvikum er sýslumanni heimilt að úrskurða meðlagsskyldan aðila til greiðslu sérstakra framlaga með barni. Sem dæmi má nefna framlag vegna skírnar barns, fermingar, gleraugnakaupa, tannréttinga, sjúkdóms, til menntunar, sérkennslu eða sérþjálfunar auk annarra tilvika sem upp kunna að koma.

d. Lögráðamál

Sýslumenn eru yfirlögráðendur. Þeir hafa sem slíkir eftirlit með fjárhaldi lögráðamanna þeirra sem ófjárráða eru fyrir æsku sakir. Þá skipa þeir þeim sem sviptir hafa verið lögræði lögráðamenn og hafa eftirlit með störfum þeirra. Einnig annast yfirlögráðendur nokkur önnur verkefni sem þeim eru falin í lögræðislögum. Nefna má að samþykki yfirlögráðanda þarf til að binda ófjárráða aðila við kaup eða sölu fasteignar, loftfars, skráningarskylds skips eða ökutækis og atvinnufyrirtækis. Einnig þarf samþykki yfirlögráðanda til veðsetninga eigna ófjárráða aðila svo og allar ráðstafanir varðandi fjárhald ófjárráða aðila sem teljast vera mikilsverðar eða óvenjulegar. Um málefnið fjalla lögræðislög nr. 71/1997.

e. Dánarbúi

Við andlát manns ber erfingjum eða aðstandendum hins látna að tilkynna lát til sýslumanns í umdæmi þar sem hinn látni bjó. Sýslumaður gefur út vottorð um að andlátið hafi verið tilkynnt sem er afhent presti eða öðrum þeim sem annast útför hins látna.

Sýslumaður sem skipta á dánarbúi fer með forræði búsins frá andláti og þar til aðrar ráðstafanir eru gerðar. Ef sýslumaður telur skilyrði til einkaskipta vera fyrir hendi, veitir hann leyfi til slíkra skipta. Ef hinn látni hefur verið í hjónabandi getur eftirlifandi maki óskað eftir leyfi til setu í óskiptu búi sem sýslumaður veitir ef skilyrði eru fyrir hendi. Ef sá sem tilkynnir andlát til sýslumanns lýsir því yfir að eignir dánarbúsins séu ekki meiri en sem nemur kostnaði við útför hins látna getur sýslumaður lokið skiptum strax. Ef skiptum verður ekki lokið með einkaskiptum er beiðni um opinber skipti send héraðsdómi. Ef hún er tekin til greina skipar héraðsdómari skiptastjóra yfir búinu. Fremur fátítt er að þessi leið sé farin. Um málefnið gilda fyrst og fremst erfðalög nr. 8/1962, lög um skipti á dánarbúum nr. 20/1991 og lög um erfðafjárskatt nr. 14/2004.

f. Lögbókandagerðir

Sýslumenn eru lögbókendur. Lögbókandagerð er opinber staðfesting lögbókanda á því sem efni lögbókandagerðar kveður á um, t. d. að tiltekinn maður hafi skrifað undir skjal. Um lögbókandagerðir gilda lög um lögbókandagerðir nr. 86/1996.

Lögbókandagerðir eru þessar:

- **Staðfestingar undirskriftar**
- **Staðfesting gagna**
- **Staðfesting erfðaskráa**
- **Skráning kaupmála**
- **Útdráttur í happdrættum o. fl.**

g. Firmaskrá

Sýslumenn halda firmaskrár.

Eftirtalin félög falla hér undir:

- **Einstaklingsfyrirtæki**
- **Sérskráning verslunar í atvinnuskyni**
- **Sameignarfélög**
- **Samlagsfélög**

h. Sáttaumleitan sýslumanna

Samkvæmt 107. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 er gert ráð fyrir að aðilar sem eiga í ágreiningi geti vísað máli til sýslumanns, annað hvort áður en mál er höfðað fyrir dómstóli eða eftir málshöfðun.

i. Leyfi sem allir sýslumenn gefa út

- **Iðnaðarleyfi**
Helstu lög og reglugerðir á þessu sviði eru m. a. iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í öðru EES-ríki nr. 495/2001, reglugerð á grundvelli 3. gr. iðnaðarlaga nr. 620/1995 og reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.
- **Meistarabréf**
Vísað er til framangreindra laga og reglugerða.
- **Leyfi til sölu notaðra ökutækja**
Vísað er til 12. gr. laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu.
- **Leyfi til sinubrennu**
Vísað er til laga um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi nr. 6/1992 og reglugerðar um sama efni nr. 157/1993.

j. Önnur verkefni

- **Kosning utan kjörfundar**
- **Sönnun vegna hugverkaréttinda**
Vísað er laga nr. 53/2006.

4. 2. Verkefni sem sýslumenn utan Reykjavíkur annast

Sýslumenn utan Reykjavíkur annast auk framangreindra verkefna eftirtalda málaflokka:

4. 2. 1. Innheimta opinberra gjalda

Í umdæmi sýslumannsins í Reykjavík annast tollstjórinn í Reykjavík innheimtu opinberra gjalda fyrir ríkissjóð. Sýslumenn utan umdæmis sýslumannsins í Reykjavík annast innheimtu opinberra gjalda fyrir ríkissjóð. Nefnast þessir aðilar innheimtumenn ríkissjóðs. Tollstjórinn í Reykjavík gegnir hér ákveðnu samræmingarhlutverki og gefur út samræmdar leiðbeiningar um innheimtuna og tekur saman ýmsar tölulegar upplýsingar um innheimtuna. Málefnið heyrir undir fjármálaráðuneytið.

4. 2. 2. Umboðsstörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins og Sjúkratryggingar Íslands

Sýslumenn utan umdæmis sýslumannsins í Reykjavík annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Almannatryggingar taka til lífeyristrygginga, slysatrygginga og sjúkratrygginga. Tryggingastofnunin heyrir undir félags- og tryggingamálaráðuneytið en Sjúkratryggingar Íslands undir heilbrigðisráðuneytið.

4. 2. 3. Leyfi, skírteini og skráningar

- **Ökuskírteini**

Samkvæmt gildandi lögum er ríkislögreglustjóri útgefandi ökuskírteina en getur falið lögreglustjórum eða sýslumönnum að annast útgáfuna. Í reynd gefa sýslumenn út ökuskírteini. Sýslumaðurinn í Kópavogi annast útgáfu á ökuskírteinum og vegabréfum fyrir allt höfuðborgarsvæðið utan umdæmis sýslumannsins í Hafnarfirði. Fleiri leyfi mætti nefna svo sem leyfi samkvæmt vopnalögum, rekstrarleyfi fyrir veitinga- og gististaði samkvæmt lögum nr. 85/2007 og ýmis fleiri leyfi.

- **Vegabréf**

Þjóðskrá er útgefandi íslenskra vegabréfa. Sótt er um vegabréf hjá sýslumönnum nema sýslumanninum í Reykjavík. Sýslumaðurinn í Kópavogi er aðal afgreiðslustaður fyrir höfuðborgarsvæðið.

- **Leyfi á grundvelli laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007**

Um er að ræða nokkur leyfi, aðallega rekstrarleyfi.

- **Leyfi á grundvelli vopnalaga**

Um er að ræða nokkur leyfi, aðallega skotvopnaleyfi.

- **Ýmis fleiri leyfi má nefna**

4. 2. 4. Ýmis önnur verkefni

Nefna má fleiri verkefni svo sem lögskráningu sjómanna o. fl.

4. 3. Sýslumenn sem annast lögreglustjórn

Þrettán sýslumenn fara með lögreglustjórn svo sem rakið hefur verið hér að framan. Þeir fara jafnframt með ákærvald, sbr. 18. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Sýslumenn eru í almannavarnarnefndum sem lögreglustjórar og gegna þar veigamiklu hlutverki.

4. 4. Sýslumenn sem annast sérstök verkefni

Sýslumannsembættunum hafa verið falin margvísleg sérverkefni sem falla utan hinna lögskipuðu verkefna sýslumanna. Flest þessarra verkefna eru flutt frá dómsmálaráðuneytinu eða frá stofnunum sem heyra undir það ráðuneyti. Nánar verður vikið að þessu í kafla 7 í skýrslunni.

5. Nokkur sjónarmið sem höfð eru að leiðarljósi við endurskoðun á skipan sýslumannsembættanna

5. 1. Ástæður endurskoðunar

Ástæður endurskoðunar á umdæmum sýlumanna eru einkum eftirfarandi:

- **Núverandi skipan byggir á úreltum forsendum**
Núverandi umdæmaskipan hefur verið óbreytt um mjög langa tíð. Því er augljóst að fosendur þær sem núverandi umdæmaskipan byggir á eru breyttar í verulegum atriðum. Auk bættra samgangna mætti nefna fækkun íbúa í sumum héruðum og fjölgun annars staðar. Á síðustu árum hefur orðið bylting í samskiptum milli aðila í kjölfar sífellt fullkomnari tölvutækni. Allt þetta gerir það að verkum að eðlilegt er að taka núverandi umdæmaskipun í heild til endurskoðunar.
- **Krafa um hagræðingu og samdrátt í ríkisrekstri**
Alls staðar í rekstri hins opinbera eru gerðar kröfur um samdrátt og hagræðingu þar sem hægt er að koma því við. Ekki verður hjá því komist að skoða sýslumannsembættin í heild í því augnamiði að hagræða rekstri þeirra.
- **Breytingar á skipan lögreglumála**
Áformaðar eru breytingar á skipulagi lögreglunnar í landinu. Samkvæmt tillögum þar að lútandi er gert ráð fyrir að lögregluumdæmin verði 6. Jafnframt er gert ráð fyrir að skipaðir verði lögreglustjórar sem ekki verði jafnframt sýslumenn. Við þessa breytingu minnka verkefni hjá 13 sýslumannsembættum sem fara nú með löggæslumál. Þetta veldur gjörbreytingu á skipan þessara embætta. Það má því segja að þessi breyting ein breyti forsendum fyrir núverandi umdæmaskipan sýslumanna.
- **Með fækkun og stækkun embættanna verða hin nýju embætti öflugri**
Því hefur verið haldið fram að minni embættin séu of veikburða til þess að halda uppi öflugri þjónustu miðað við stærri embætti. Minnstu embættin hafa fáum starfsmönnum á að skipa. Nefna má t. d. að í minnstu embættunum eru nú ekki nægileg verkefni fyrir löglærðan starfsmann. Ekki er hægt að ætlast til að starfsmenn í litlum embættum geti með sama hætti og í hinum stærri náð sömu færni og afköstum í afgreiðslu mála. Með stærri einingum næst meiri verkaskipting og jafnframt meiri fagleg færni sem leiðir til meiri afkasta á hverja verkeiningu. Einnig má benda á að stærri og færri embætti tryggi betur samræmt verklag.

5. 2. Markmið sem höfð eru að leiðarljósi við endurskoðunina

Að framan er því lýst að nauðsyn beri til að taka umdæmaskiptingu sýslumanna til endurskoðunar.

Eftirfarandi markmið eru höfð að leiðarljósi við endurskoðunina:

1. Að rekstur embættanna verði eins hagkvæmur og kostur er (fjárhagslegt markmið).
2. Að þjónusta við borgarana verði eins góð og kostur er (þjónustumarkmið).
3. Að efla stjórnarsýslu sýslumannsembættanna og gera embættin hæfari til að taka að sér aukin verkefni (stjórnarsýslulegt markmið).

5. 3. Nánar um framangreind markmið

Markmiðið 1 er í sjálfu sér óumdeilanlegt. Aðeins kunna að vera skiptar skoðanir hvernig því yrði best náð. Í mörgum tilfellum getur sameining fleiri stofnana í eina skilað árangri. Þó ber aldrei að líta á það sem sjálfgefinn hlut. Stundum er fórnarkostnaður jafnvel meiri en ávinningurinn. Því þarf að skoða hvert tilvik af gagnrýni.

Markmið 2, þjónusta, er teygjanlegt hugtak og inntak þess oft óljóst. Þótt sýslumanns-embættum fækki þarf það ekki að þýða minni þjónustu. Ætla mætti að stærri og öflugri embætti geti veitt betri þjónustu en mjög lítil. Einnig þetta þarf að skoða í hverju tilviki. Síðar í þessari greinargerð er fjallað um starfsstöðvar utan aðalstöðva sýslumanna sem skipta hér verulegu máli þegar þjónustustigið er metið.

Með stækkun embættanna verða þau öflugri stjórnsýslueiningar en áður, markmið 3. Starfsmenn fást við fleiri mál og fjölbreyttari sem gerir þá hæfari. Þannig fá þeir meiri þjálfun og öðlast meiri færni. Síðar í kafla 8 verður gerð nánari grein fyrir auknum verkefnum sem unnt væri að fela embættunum að annast og jafnframt hvernig þau geta orðið öflugri stjórnsýslumiðstöðvar fyrir opinbera þjónustu heima í héraði en þau eru nú. Að auki er fjallað um möguleika á að fela embættunum ýmis verkefni sem unnin eru nú á höfuðborgarsvæðinu en væri unnt að fela þeim. Þannig gætu skapast möguleikar á að flytja opinber störf í auknum mæli út á land.

5. 4. Endurskoðunin verði í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda samkvæmt sóknaráætlun 20/20

Á vegum ríkisstjórnarinnar hefur verið lögð fram tillaga til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um allt land. Sóknaráætlunin hefur hlotið nafnið sóknaráætlun 20/20. Markmið áætlunarinnar er að mótuð verði heildstæð stefna fyrir Ísland í þágu atvinnulífs og samfélags. Stefnt er að því að Ísland skipi sér aftur í fremstu röð í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum. Í sóknaráætluninni segir að stjórnvöld hafi ákveðið að ráðast í viðamiklar breytingar og endurskipulagningu á verkefnum ráðuneyta og stofnana. Þannig verði stuðlað að betri nýtingu fjármuna og öflugu samstarfi stjórnsýslustiga og stofnana, þvert á ráðuneyti.

Vitnað er hér í kaflann um endurskipulagningu opinberrar þjónustu á vefsíðu “island.is” eins og hann liggur nú fyrir.

Endurskipulagning opinberrar þjónustu

- *Markmiðið er að forgangsraða í ríkisrekstrinum með nýjum hætti, verja grunnþjónustu, auka skilvirkni í ríkisrekstri með stærri og hagkvæmari einingum, einfalda stjórnsýslu og þjónustu, endurskoða verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og gera ríkiskerfið betur í stakk búið til að takast á við breytingar.*
- *Stefnt er að því að auka samstarf ráðuneyta og samvinnu innan hins opinbera almennt þannig að ríkið allt, bæði einstök ráðuneyti og stofnanir, vinni saman sem ein heild.*
- *Endurskipulagning opinberrar þjónustu á ákveðnum sviðum er nauðsynleg, meðal annars vegna breytinga sem orðið hafa á þörfum fólks í samfélaginu, byggðaðþróun og tækniþróun.*
- *Þær breytingar sem ráðist verður í á næstu misserum eru meðal annars, fækkun ráðuneyta og ríkisstofnana með sameiningum, breytingar á skipulagi og núverandi vinnuáðferðum, og fjölda og samsetningu starfsfólks.*
- *Við endurskipulagningu opinberrar þjónustu og stjórnsýslu er lögð áhersla á að sé horft til framtíðar og hugað að uppbyggingu um allt land.*
- *Landinu hefur verið skipt í svæði og stefnumótun og áætlanagerð í ákveðnum málaflokkum tekur mið af þeirri skiptingu.*

- Svæðaskiptingin mun einnig í sumum tilvikum hafa áhrif á uppbyggingu og framtíðarskipulag opinberrar þjónustu um allt land sem og á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.
- Svæðaskiptingin hefur þó aðeins óbein áhrif á stjórnsýslu og þjónustu sem ekki er í eðli sínu staðbundin.
- Lögð er áhersla á að einfalda framkvæmd slíkra verkefna, samræma stjórnsýslu, stækka einingar og auka sveigjanleika m. a. með notkun rafrænnar stjórnsýslu.
- Stjórnsýsla og þjónusta sem aftur á móti er staðbundin verður einfölduð og endurskipulögð á grundvelli nýrrar umdæmaskiptingar”

Dregin eru hér saman helstu atriði sem meðfylgjandi frumvarp byggir á og hefur beina tilvísun í þá stefnumörkun sem birtist í sóknaráætlun 20/20 eins og hún liggur nú fyrir:

- Fækkun stofnana og sameining.
- Taka tillit til byggðapróunar og tækniþróunar.
- Stjórnsýslusvæðin í frumvarpinu eru í samræmi við svæðaskiptingu skv. stefnumörkun 20/20.

Það verður að telja mikilvægt að við endurskipulagningu sýslumannsembættanna verði unnið í samræmi við þá hugmyndafræði sem liggur að baki framangreindri sóknaráætlun 20/20. Telja verður að sýslumannsembættin geti þjónað mikilvægu hlutverki í allsherjar uppstokkun á þjónustukerfi ríkisins út í héraði. Í frumvarpinu er starf sýslumanna skilgreint svo í 1. grein: “Sýslumenn fara, hver í sínu umdæmi, með stjórnsýslu ríkisins eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um”. Í þessu felst sú meginstefna að skrifstofur sýslumanna eigi að vera stjórnsýslumiðstöðvar ríkisins í héraði. Það er hagkvæmt fyrir hina opinberu stjórnsýslu að sameinast í einum þjónustukjarna. Það er ekki síður til þæginda og til aukinnar þjónustu fyrir þá sem þjónustunnar eiga að njóta að geta leitað á einn stað til að fá þjónustu fleiri ólíkra stofnana. Síðar í þessari skýrslu verður nánar vikið að einstökum möguleikum í þessu skyni.

5. 5. Starfsstöðvar sýslumanna

Í samræmi við sett markmið verður ekki hjá því komist að fækka sýslumannsembættum nokkuð ef ná á því hagræðingarmarkmiði sem að er stefnt. Í þessu sambandi er rétt að leggja áherslu á að fækkun sýslumanna þarf ekki sjálfkrafa að hafa í för með sér fækkun starfsstöðva. Í sama umdæmi sýslumanns gætu verið fleiri en ein jafnöflug starfsstöð sem veitir sömu þjónustu og áður. Í því tilviki þarf hinn almenni borgari ekki að verða var við miklar breytingar. Hann getur sótt þjónustu til sinnar sýsluskrifstofu jafnt sem áður. Hverri starfsstöð er fyrst og fremst ætlað að sinna þjónustu á þjónustusvæði starfsstöðvarinnar. Allar starfsstöðvarnar mynda samfellt þjónustunet undir stjórn sýslumanns. Munurinn á núverandi skipan þar sem hvert sýslumannsembætti er sjálfstæð eining og þeirrar skipunar sem lagt er til að tekin verði upp samkvæmt meðfylgjandi frumvarpi þarf því ekki að vera mikill.

5. 6. Nýting á núverandi húsnæði o. fl.

Við gerð nýrra tillagna verður ekki hjá því komist að taka mið af þeim aðstæðum sem fyrir eru. Tillögu þær sem felast í frumvarpinu eru miðaðar við að ekki þurfi að leggja í sérstakan kostnað vegna breytinga á húsnæði. Einnig má benda á að mjög víða hjá embættum sýslumanna er vannýtt húsnæði sem skapar möguleika fyrir embættin að taka að sér aukin verkefni.

6. Meginkjarni í tillögum að breyttri skipan sýslumannsembættanna

Í þessum kafla verður nánar lýst þeim meginbreytingum sem lagt er til að verði gerðar á skipan sýslumannsembættanna í landinu. Auk þeirra breytinga sem felast í fækkun sýslumannsumdæma og stækkun þeirra er lögð veruleg áhersla á að efla þau með því að fela þeim aukin verkefni.

6. 1. Tillögurnar eru miðaðar við að löggæsla verði skilin frá starfsemi sýslumanna

Fyrir liggja drög að frumvarpi um nýskipan löggæslunnar í landinu. Þar er gert ráð fyrir að landinu verði skipt í sex löggæsluumdæmi er lúti stjórn lögreglustjóra sem hafi ekki önnur störf á hendi.

Þrátt fyrir þessa stefnumörkun er lagt til að í undantekningartilvikum sé dómsmálaráðherra heimilt að fela sýslumanni lögreglustjórn í umboði lögreglustjóra. Hér kæmi fyrst og fremst til skoðunar löggæsla í umdæmi sýslumannsins á Ísafirði og löggæsla í Vestmannaeyjum. Löggæsla á Vestfjörðum verður vegna fjarlægðar nokkuð aðskilin frá annarri löggæslu á Vesturlandi. Á sama hátt er ekki unnt að sameina löggæslu í Vestmannaeyjum annarri löggæslu á Suðurlandi með góðu móti vegna samgangna sem eru annað hvort á sjó eða í lofti.

6. 2. Landinu verði skipt í sjö stjórnsýslusvæði

Tillögurnar byggja í megindráttum á þeirri hugmyndafræði sem liggur að baki sóknaráætlun 20/20 sem nú er í mótun.

Landinu verði skipt í eftirtalin stjórnsýslusvæði

1. Vesturland
2. Vestfirðir
3. Norðurland vestra
4. Norðurland eystra
5. Austurland
6. Suðurland
7. Suðvestursvæðið

Nánari grein verður gerð fyrir framangreindum svæðum síðar í skýrslu þessari.

6. 3. Fjöldi sýslumanna

Gert er ráð fyrir að jafnaði verði einn sýslumaður á hverju stjórnsýslusvæði. Í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra geti ákveðið að á sama stjórnsýslusvæði séu fleiri en einn sýslumaður ef það er nausynlegt vegna erfiðra samgangna enda telji umdæmið fleiri en fjögurþúsund íbúa eða ef það þykir hagkvæmt vegna stærðar embættis enda telji umdæmið fleiri en tuttuguþúsund íbúa.

Varðandi fyrra atriðið koma Vestmannaeyjar fyrst og fremst til skoðunar. Varðandi síðara atriðið koma fyrst og fremst til skoðunar Keflavík og núverandi umdæmi sýslumannanna í Hafnarfiði og Kópavogi en lagt er til að tvö síðastnefndu embættin verði sameinuð í eitt. Embætti sýslumannsins í Reykjavík verði óbreytt. Nánar verður vikið að þessu í kafla 7 hér á eftir.

Í samræmi við þessar tillögur yrðu sýslumannsembættin samtals 10.

6. 4. Starfsstöðvar sýslumanna

Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra ákveði hvar sýslumaður skuli hafa aðalskrifstofu, hvar skuli vera aðrar starfsstöðvar er veiti fulla þjónustu og hvar skuli vera útibú er veiti minni þjónustu.

Starfsstöðvar (sýsluskrifstofur).

Samkvæmt núverandi skipan er hvert sýslumannsumdæmi afmarkað svæði og hverjum sýslumanni er ætlað að þjóna íbúum þess svæðis. Með stækkun umdæma sýslumanna vinnst m. a. að þjónustuþegar geta leitað til allra starfsstöðva í umdæminu eftir því sem þeim hentar. Líta verður á starfsstöðvar sýslumanns sem eina heild, eitt þjónustunet, þar sem hver starfsstöð getur gegnt ákveðnu hlutverki í heildarþjónustunni. Þannig er hægt að nýta starfskrafta á hverjum stað ekki aðeins fyrir það þjónustusvæði sem starfsstöðinni er ætlað sinna heldur fyrir starfsemi embættisins í heild.

Starfsstöð gæti verið með mismunandi hætti eftir aðstæðum á hverjum stað. Starfsstöð þar sem ynni lögfræðingur og með öfluglu starfsfólki gæti veitt eins góða þjónustu og aðalskrifstofa sýslumanns veitir. Þá er lítil munur orðinn á aðalskrifstofu sýslumanns og slíkri starfsstöð. Fyrir þjónustuþegana ætti breytingin í raun ekki að skipta máli. Þeir myndu sækja áfram á sína sýsluskrifstofu og fá þá þjónustu sem þeir hafa til þessa fengið. Það er undir ákvörðun hvers sýslumanns komið hvernig hann skipuleggur þjónustuna og hversu mikla þjónustu hverri starfsstöð er ætlað að veita.

Þjónustuútibú

Þar sem ekki er hagkvæmt að hafa starfsstöð getur verið þörf fyrir minna útibú, þjónustuútibú. Í slíku útibúi yrði veitt lágmarksþjónusta svo sem afhending eyðublaða, móttaka á umsóknum um leyfi og skírteini, einfaldar upplýsingar gefnar á sviði almannatrygginga og innheimtu opinberra gjalda, móttaka á greiðslum, móttaka á tilkynningum um andlát og fleiri sambærileg verkefni. Gert er ráð fyrir að starfsmaður útibús gæti með aðstoð starfsmanna á aðalstarfsstöð veitt þjónustuþega viðunandi þjónustu. Gert er ráð fyrir að lögfræðingur hafi ekki starfsstöð í slíku útibúi en komi þangað eftir þörfum. Afgreiðslutími slíks útibús gæti verið hluta úr degi. Hugsanlegt er að slíkt útibú verði rekið í tengslum við lögreglustöð eða hugsanlega sveitarstjórnarskrifstofu.

6. 5. Núverandi húsnæði nýtt án viðbótarkostnaðar

Lögð er áhersla á að skipulagsbreyting sú er felst í frumvarpinu leiði ekki til aukakostnaðar vegna breytinga á húsnæði sýslumanna. Þetta gæti þýtt að núverandi húsnæði sýslumanns-embættis yrði í framtíðinni nýtt sameiginlega fyrir lögreglustjóra og starfsstöð sýslumanns. Þetta myndi verða á Vesturlandi, Austurlandi og Suðurlandi. Á Norðurlandi myndi lögreglustjóri hafa aðsetur á lögreglustöðinni á Akureyri sem er í nýlega innréttuðu húsnæði.

6. 6. Sýslumannsembættin haldi núverandi verkefnum og taki að sér ný

Ný tækifæri skapast með endurskipulagningu sýslumannsembættanna. Telja verður að með því að fækka embættum og sameina þau verði hin nýju embætti öflugri sem skapar möguleika til að fela þeim aukin verkefni. Bæði geta verið um ný verkefni að ræða sem öllum embættunum er ætlað að annast eða sérstök verkefni sem einstökum embættum er falið að sinna. Í kafla 8 verður nánar fjallað um þetta.

7. Ný skipan embætta sýslumanna í landinu

Hér verður nánari grein gerð fyrir nýrri skipan sýslumannsembættanna og hvernig þjónustunni yrði hagað á hverju stjórnsýslusvæði.

7. 1. Vesturland

7. 1. 1. Núverandi skipan

Á Vesturlandi eru nú eftirtaldir sýslumenn:

- a. **Sýslumaðurinn á Akranesi**
Íbúafjöldi er 6.555.
Vegalengd til Borgarness er 37 kílómetrar.
- b. **Sýslumaðurinn í Borgarnesi**
Íbúafjöldi er 4.230.
- c. **Sýslumaður Snæfellinga**
Íbúafjöldi er 3.904
Vegalengd til Borgarness er 98 kílómetrar.
- d. **Sýslumaðurinn í Búðardal**
Íbúafjöldi er 696.
Vegalengd til Borgarness er 80 kílómetrar.

7. 1. 2. Sérstök verkefni unnin af sýslumönnum

Sýslumennirnir á Akranesi, Borgarnesi og Stykkishólmi fara með lögreglustjórn hver í sínu umdæmi. Á Akranesi er sérstök rannsóknardeild.

Sýslumaður Snæfellinga í Stykkishólmi annast eftirfarandi verkefni:

- 1) Skráningu kaupmála fyrir allt landið, sbr. reglugerð nr. 1126/2006.
- 2) Tiltekin verkefni í umboði forsætisráðuneytisins við umsýslu þjóðlendumála og vatns- og jarðhitaréttinda í eigu ríkisins samkvæmt samningi frá desember 2008 til tveggja ára. Að verkefninu vinnur lögfræðingur í fullu starfi.
- 3) Þjónustu fyrir lögregluumdæmi í landinu vegna umferðarlagabrota vegna hraðaksturs sem tekin eru á hraðamyndavélar.

Sýslumaðurinn í Búðardal annast leyfisveitingar, sbr. reglugerð nr. 1120/2006 um veitingu leyfa til ættleiðinga. Verkefni þetta er fyrst og fremst í höndum sýslumanns sjálfs og nálgast að vera fullt starf.

7. 1. 3. Húsnæði og önnur aðstaða

Húsnæði allra embættanna er í eigu ríkissjóðs. Skrifstofur sýslumanna á Akranesi, Borgarnesi og í Stykkishólmi eru í nýlegu húsnæði eða nýlega uppgerðu. Mjög rúmt er um starfseminu í öllum embættunum og mætti bæta við starfsmönnum án breytinga. Í Búðardal er skrifstofa sýslumanns og lögreglustöðin í sambyggðu húsnæði sem er hluti af stjórnsýslu-húsinu í Búðardal. Þar er vannýtt skrifstofurými einkum eftir að löggæslan var færð undir sýslumanninn í Borgarnesi.

7. 1. 4. Tillögur að nýrri skipan

Ákvörðun um staðsetningu sýslumanns yrði væntanlega tekin samhliða ákvörðun um staðsetningu aðalstöðvar lögreglunnar á Vesturlandi. Borgarnes sem er miðsvæðis kæmi óneitanlega til greina. Allir sem búa fyrir norðan Borgarnes eiga leið þar um á leið til Reykjavíkur.

Milli Borgarness og Stykkishóms eru 98 kílómetrar. Frá Borgarnesi til Ólafsvíkur um Vatnaleið eru 129 kílómetrar. Gera verður ráð fyrir öflugri starfsstöð í Stykkishólmi. Á milli Borgarness og Akraness eru aðeins 37 kílómetrar. Af þeim sökum má halda því fram að ekki væri þörf á starfsstöð á Akranesi. Til þess að nýta núverandi húsnæði og til þess að raska ekki of mikið núverandi þjónustu er lagt til að á Akranesi verði starfsstöð.

Í núverandi umdæmi sýslumannsins í Búðardal búa 696 íbúar. Þjónustuleiðir vegna verslunar liggja til Borgarness eða á höfuðborgarsvæðið um Borgarnes. Vegalengd frá Búðardal til Borgarness er 80 kílómetrar. Sú vegalengd er ekki meiri en er í víðlendustu umdæmum landsins. Það er því ekki brýn þörf fyrir starfsstöð eða útibúi þar. Í öllu falli er nægilegt að þar sé þjónustuútibúi. Það ber hins vegar að líta til þess að það er talsvert ónotað húsnæði í eigu ríkissjóðs í þjónustumiðstöðinni í Búðardal. Því væri æskilegt að nýta það fyrir starfsemi eða sérverkefni á vegum sýslumanns á Vesturlandi. Verkefni sem sýslumaðurinn í Búðardal hefur tekið að sér samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins tengist sérkunnáttu núverandi sýslumanns á málefnum. Eðlilegt er því að skoðað verði á hvern hátt unnt er að nýta áfram sérkunnáttu þess starfsmanns til áframhaldandi starfa við verkefnið.

Rétt er að skoða þann möguleika að íbúar í núverandi umdæmi sýslumannsins á Hólmavík og Reykhólahreppi, sem er hluti af umdæmi sýslumannsins á Patreksfirði, nytu þjónustu frá sýslumanni á Vesturlandi. Verður nánar vikið að því í næsta kafla.

7. 2. Vestfirðir

7. 2. 1. Núverandi skipan

Á Vestfjörðum eru nú eftirtaldir sýslumenn:

a. Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Íbúafjöldi í umdæminu er 1.527 íbúar.

Fjarlægð frá Patreksfirði til Ísafjarðar um Hrafnseyrarheiði er 173 kílómetrar.

Vegurinn til Ísafjarðar er ófær verulegan hluta að vetrinum vegna snjóá.

b. Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Íbúafjöldi er 968.

Vegalengd til Ísafjarðar eftir að göngin milli Bolungarvíkur og Hnífsdals verða tekin í notkun verða ca. 15 kílómetrar.

c. Sýslumaðurinn á Ísafirði

Íbúafjöldi er 4.102.

d. Sýslumaðurinn á Hólmavík

Íbúafjöldi er 766.

Frá Hólmavík til Ísafjarðar eru 225 kílómetrar en frá Hólmavík til Borgarness eru 159 kílómetrar.

7. 2. 2. Sérstök verkefni unnin af sýslumönnum

Sýslumaðurinn á Ísafirði fer með löggæslu á Vestfjörðum.

Sýslumaðurinn í Bolungarvík hefur tekið að sér verkefni er lýtur að innheimtu á svokölluðu vanrækslugjaldi sem lagt er á eigendur (umráðamenn) þeirra ökutækja sem ekki hafa verið færð til skoðunar samkvæmt ákvæðum reglugerðar, sbr. 67. gr. umferðarlaga nr. 67/1987. Við verkefnið starfa a. m. k. tveir starfsmenn.

Sýslumaðurinn á Ísafirði annast skönnun þinglýstra skjala fyrir önnur sýslumannsembætti þar sem þau eru færð yfir í rafrænt form. Tveir starfsmenn vinna við verkefnið. Auk þess vinnur einn lögfræðingur að málefnum sem heyra undir Útlendingastofnun við undirbúning að úrskurðum.

Sýslumaðurinn á Hólmavík annast löggildingu löggiltra skjalapýðenda og dómtúlka, sbr. reglugerð nr. 1122/2006. Hér er um tiltölulega lítið verkefni að ræða og ekki nema mjög lítil hluti af heilu starfi.

7. 2. 3. Húsnæði og önnur aðstaða

Í öllum tilfellum er húsnæði í eigu ríkissjóðs undir umsjón Fasteigna ríkissjóðs.

7. 2. 4. Tillögur að nýrri skipan

Ísafjörður er langstærsti byggðakjarninn á Vestfjörðum. Því er eðlilegt að þar verði aðalskrifstofa sýslumanns.

Umdæmi sýslumannsins á Patreksfirði, þ. e. Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur er mjög einangrað svæði einkum við Ísafjarðarsvæðið. Samgöngur milli þessara svæða liggja niðri hluta úr ári og engar skipulagðar ferðir eru þarna á milli, hvorki bílferðir né flugferðir. Því er lagt til að á Patreksfirði verði starfsstöð með eins góðri þjónustu og kostur er. Æskilegt væri að þar starfaði lögfræðingur vegna einangrunar svæðisins. Þótt verkefni við bein lögfræðileg verkefni séu ekki nægileg á Patreksfirði fyrir lögfræðing í fullu starfi má gera ráð fyrir að lögfræðingur geti auk verkefna á Patreksfirði tekið að sér ýmis verkefni fyrir sýslumanninn á Ísafirði í gegnum internetsamband.

Ekki er gert ráð fyrir neinu útibúi í Bolungarvík. Eftir að ný jarðgöng verða tekin í notkun milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar er engin þörf fyrir það. Eðlilegt er að fela sýslumanninum á Vestfjörðum verkefni sem sýslumaðurinn í Bolungarvík hefur annast, þ. e. innheimtu á umræddu vanrækslugjaldi.

Vegalengd frá Hólmavík til Ísafjarðar eru 225 kílómetrar en 159 kílómetrar til Borgarness. Vegna fjarlægðar verður að gera ráð fyrir þjónustuútibúi með starfsmanni í hlutastarfi. Til greina kæmi að útibúið væri í húsnæði lögreglustöðvarinnar. Þjónustuleiðir frá Hólmavík liggja í suðurátt til Borgarness og Reykjavíkur. Ef tekið er tillit til þjónustuleiða og fjarlægðar er hagkvæmara fyrir íbúa í núverandi umdæmi sýslumannsins á Hólmavík og Reykhólahreppi að sækja þjónustu til Borgarness en til Ísafjarðar. Því er það lagt til að tengja þjónustu íbúa Strandasýslu og Reykhólahrepps við sýslumanninn á Vesturlandi. Þau sérstöku verkefni sem sýslumaðurinn á Hólmavík hefur tekið að sér eru mjög lítil hluti úr ársverki og myndu færast annað samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.

7. 3. Norðurland vestra

7. 3. 1. Núverandi skipan

Á Norðurlandi vestra eru nú eftirtaldir sýslumenn:

a. Sýslumaðurinn á Blönduósi

Íbúafjöldi er 3.059.

Fjarlægð frá Blönduósi til Sauðárkróks um eru 47 kílómetrar ef farin er stytta leið yfir Þverárfjall. Fjarlægð eftir Þjóðvegi 1 um Varmahlíð er aftur á móti 76 kílómetrar.

b. Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Íbúar eru 4.345.

7. 3. 2. Sérstök verkefni unnin af sýslumönnum

Sýslumennirnir á Blönduósi og Sauðárkróki fara með lögreglustjórn, hvor í sínu umdæmi.

Sýslumaðurinn á Blönduósi annast rekstur innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaður (IMST).

Með tilkomu IMST árið 2006 voru ráðnir 12 starfsmenn að verkefnum og hefur starfsemin gengið vel. Í fjáráskilögum í lok ársins 2008 voru embættinu veittar af forsætisráðuneytinu kr. 15. milljónir króna í framhaldi af tillögum svokallaðrar Norðvesturnefndar, til að stuðla að auknum verkefnum og atvinnutækifærum við innheimtumiðstöð embættisins. Með bakstuðningi þessarar fjárveitingar hefur embættið unnið að öflun eftirtalinna nýrra verkefna:

- a. Innheimta sekta og sakarkostnaðar á landsvísi og einnig á milli Norðurlandanna.
- b. Endurkröfur bóta sem ríkissjóður hefur greitt þolendum afbrota.
- c. Endurkröfur vegna gjafsókna og umsjón með endurgreiðslum vegna örorkunefndar.
- d. Innheimta og verkferlar fyrir Fjármálaeftirlitið (FME) samkvæmt samningi. Í megindráttum er um að ræða dagsektir, févítí, stjórnvaldssektir, sáttaboð og sáttargerðir sem lagðar eru á einstaklinga og lögaðila svo og eftirlitsgjald til FME.

Samningar og verkferlar við félagsmálaráðuneytið sem eru á lokastigi varðandi eftirfarandi gjöld:

- a. Endurkröfur ofgreiddra bóta atvinnuleysistryggingasjóðs og fæðingarorlofs.
- b. Endurkröfur ofgreiddra bóta TR.

Nokkur fleiri verkefni hafa verið til skoðunar sem eru nú á umræðustigi.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki annast framkvæmd laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Ákvarðanir sýslumanns samkvæmt lögnum eru kærnanlegir til dómsmálaráðuneytisins. Verkefni þetta samsvarar rúmlega hálfu ársstarfi og kemur aðallega í hlut lögfræðings að vinna það.

7. 3. 3. Húsnæði og önnur aðstaða

Hjá báðum embættunum er skrifstofuhúsnæði í eigu ríkissjóðs sem eru í góðu ástandi. Á Sauðárkróki er vannýtt húsnæði. Þegar stofnaður var Héraðsdómur Norðurlands vestra var gert ráð fyrir að dómurinn hefði aðsetur í húsnæði sýslumanns. Síðan var hann færður í annað húsnæði. Vegna ónotaðs húsrýmis er unnt að færa þangað verkefni.

7. 3. 4. Tillögur að nýrri skipan

Lögð er áhersla á að tillögur að breyttri skipan megi í engu hrófla við þeim ágæta árangri sem náðst hefur með stofnun innheimtumiðstöðvar hjá sýslumanninum á Blönduósi. Þvert á móti ber að efla hana. Á báðum þessum stöðum yrðu öflugar starfsstöðvar. Ekki er tekin afstaða til þess á hvorum staðnum yrði aðalskrifstofa sýslumanns.

7. 4. Norðurland eystra

7. 4. 1. Núverandi skipan

Á Norðurlandi eystra eru nú eftirtaldir sýslumenn:

a. Sýslumaðurinn á Siglufirði

Íbúafjöldi er 2.082.

Fjarlægð frá Siglufirði til Ólafsfjarðar eftir að Héðinsfjarðargöng verða tekin í notkun er nálægt 15 kílómetrum. Frá Ólafsfirði til Akureyrar er 61 kílómetri.

b. Sýslumaðurinn á Akureyri

Íbúafjöldi er 21.901.

c. Sýslumaðurinn á Húsavík

Íbúafjöldi er 4.926.

Fjarlægð til Akureyrar er 91 kílómetri

7. 4. 2. Sérstök verkefni unnin af sýslumönnum

Sýslumaðurinn á Húsavík fer með lögreglustjórn í sínu umdæmi. Sýslumaðurinn á Akureyri fer með lögreglustjórn í sínu umdæmi og umdæmi sýslumannsins á Siglufirði. Á Akureyri er öflug rannsóknardeild.

Sýslumaðurinn á Siglufirði fer með málefni bótanefndar samkvæmt lögum nr. 69/1995. Bótanefndin tekur ákvörðun um bætur til þolenda afbrota. Á skrifstofu sýslumanns vinnur lögfræðingur sem eingöngu sinnir verkefnum fyrir bótanefndina. Samkvæmt breytingum á nefndum lögum frá síðasta ári var lágmarksfjárhæð hækkuð úr kr. 100 þús. í kr. 400 þús. Það gæti þýtt að málum hjá nefndinni muni eitthvað fækka.

7. 4. 3. Húsnæði og önnur aðstaða

Skrifstofuhúsnæði allra umræddra embætta er í eigu ríkissjóðs og er í góðu ástandi. Húsnæði hjá sýslumanninum á Akureyri er ekki fullnýtt. Laust rými gæti rúmað 5 til 8 starfsmenn.

Á Siglufirði er einnig laust rými fyrir 2 til 3 starfsmenn.

7. 4. 4. Tillögur að nýrri skipan

Akureyri er lang fjölmennasti þéttbýlisstaðurinn á svæðinu. Því er eðlilegt að þar verði aðalskrifstofa sýslumannsins á Norðurlandi eystra.

Með bættum samgöngum milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar með tilkomu Héðinsfjarðargangna gjörbreytast samgöngur milli Siglufjarðar og Akureyrar. Þjónustuleiðir liggja frá Siglufirði um Ólafsfjörð til Akureyrar. Af þeim sökum minnkar þörf fyrir sérstaka starfsstöð sýslumanns á Siglufirði. Rétt er að skoða í þessu samhengi eftirfarandi. Húsnæði sem sýslumaðurinn hefur til umráða gæti nýst fyrir sérstök verkefni sem unnin væru á vegum sýslumanns. Gera verður

ráð fyrir að bótanefndin hafi áfram starfsstöð á Siglufirði. Miðað við ríkjandi aðstæður þykir rétt að á Siglufirði verði rekin starfsstöð frá sýslumanninum á Akureyri.

Umdæmi sýslumannsins á Húsavík er eitt víðlendasta sýslumannsumdæmi landsins. Frá Húsavík austur á Þórshöfn um Melrakkaslétu eru 213 kílómetrar. Þessi vegalengd verður nálægt 170 kílómetrum þegar nýr vegur um Hófaskarð verður tekinn í notkun. Ekkert útibú frá sýslumanninum á Húsavík er á Þórshöfn en lögfræðingur frá embættinu fer að jafnaði einu sinni í mánuði til þess að taka fyrir mál og gefa íbúum þar kost á að koma til viðtals. Vegna þessarar aðstæðna verður að gera ráð fyrir öflugri starfsstöð sýslumanns á Húsavík.

7. 5. Austurland

Vakin er athygli á því að umdæmi sýslumannsins á Höfn er ekki talið með Austurlandi. Er það í samræmi við þær hugmyndir að svæðaskiptingu samkvæmt sóknaráætlun 20/20, sbr. svæðaskiptingu skv. 3. gr. frumvarpsins.

7. 5. 1. Núverandi skipan

Á Austurlandi eru nú eftirfarandi sýslumenn:

a. Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Íbúafjöldi er 5.077.

Frá Seyðisfirði til Egilsstaða eru 28 kílómetrar og frá Egilsstöðum til Eskifjarðar eru 48 kílómetrar.

b. Sýslumaðurinn á Eskifirði

Íbúafjöldi er 5.285.

7. 5. 2. Sérstök verkefni unnin af sýslumönnum

Sýslumennirnir í báðum umdæmunum fara með lögreglustjórn, hvor í sínu umdæmi.

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði vinnur með tollstjóranum í Reykjavík að tollgæslu vegna komu ferjunnar Norrænu.

7. 5. 3. Húsnæði og önnur aðstaða

Húsnæði umræddra embætta er í mjög góðu ástandi. Á Eskifirði er mjög góð aðstaða, bæði fyrir skrifstofu sýslumanns og lögregluna. Á Seyðisfirði er skrifstofa sýslumanns í gömlu húsi sem nýlega hefur verið gert upp. Á Egilsstöðum er lögreglustöð í tiltölulega nýlegu húsnæði. Þar er einnig útibú frá sýslumanninum á Seyðisfirði. Allt umrætt húsnæði er í eigu ríkisins.

7. 5. 4. Tillögur að nýrri skipan

Með aðskilnaði stjórnarsýsluverkefna sýslumanna og löggæslu er gert ráð fyrir að lögreglustjóri verði á Austurlandi. Því er augljóst að annað embættið verður lögreglustjóraembætti en hitt sýslumannsembætti. Gert er þó ráð fyrir að starfsstöðvar sýslumanns verði í báðum stöðum. Þessar skipulagsbreytingar kalla ekki á breytingar á húsnæði.

Á Egilsstöðum er útibú frá sýslumanninum á Seyðisfirði svo og á Vopnafirði í tengslum við lögreglustöðina þar. Í raun myndi henta frekar að annaðhvort sýslumaður eða lögreglustjóri hefði aðalstarfsstöðvar á Egilsstöðum sem er bæði miðsvæðis á Austurlandi og talsvert stærri byggðakjarni en Seyðisfjörður. Ef svo ætti að vera þyrfti að byggja þar eða að taka á leigu húsnæði. Þar sem áhersla er lögð á að skipulagsbreyting sú sem hér um ræðir kosti sem minnsta fjármuni eru ekki gerðar tillögur um það.

7. 6. Suðurland

Umdæmi sýslumannsins á Höfn er talið með Suðurlandi. Vísað er áður til umdæmaskiptingar samkvæmt sóknaráætlun 20/20. Einnig má benda á sögulegar ástæður fyrir þessari tilhögun. Lengst af eða til 1976 voru Austur- og Vestur Skaftafellsýslur eitt sýslumannsumdæmi. Einnig má benda á að þjónustuleiðir liggja frá Höfn í suður í átt til Reykjavíkur. Allt þetta gerir eðlilegt að fella núverandi þjónustu undir sýslumann á Suðurlandi.

7. 6. 1. Núverandi skipan

Á Suðurlandi eru nú eftirfarandi sýslumenn:

a. Sýslumaðurinn á Höfn

Íbúafjöldi er 2.089

Frá Höfn til Eskifjarðar eru 234 kílómetrar en til Víkur eru 272 kílómetrar. Fjarlægð frá Skaftafelli sem er syðst í umdæminu eru 140 kílómetrar til Víkur.

b. Sýslumaðurinn í Vík

Íbúafjöldi er 961.

Frá Vík til Hvolsvallar eru 80 kílómetrar.

c. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Íbúafjöldi er 3.479.

Frá Hvolsvelli til Selfoss eru 49 kílómetrar.

d. Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Íbúafjöldi er 4.129.

e. Sýslumaðurinn á Selfossi

Íbúafjöldi er 15.312

7. 6. 2. Sérstök verkefni unnin af sýslumönnum

Sýslumennirnir í Vestmannaeyjum og Selfossi fara með lögreglustjórn hvor í sínu umdæmi. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli fer með lögreglustjórn í sínu umdæmi og umdæmi sýslumannsins í Vík.

Eftirtalin sérverkefni eru hjá sýslumanninum í Vík:

1) Útgáfa Lögbirtingablaðsins í umboði dómsmálaráðuneytisins, sbr. 6. gr. laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablaðið. Sýslumaður er ritstjóri og ábyrgðarmaður blaðsins. Útgáfa Lögbirtingablaðsins er rafræn á vefnum og fer fram á vef blaðsins www.logbirtingablad.is.

2) Sýslumaðurinn sér um útgáfu leyfa til þeirra sem hyggjast starfrækja útfararþjónustu, sbr. reglugerð nr. 426/2006.

3) Sýslumaðurinn hefur tekið að sér bókhald fimm sendiráða fyrir utanríkisráðuneytið.

4) Sýslumaður hefur nýlega tekið að sér að annast símsvörun fyrir sýslumanninn á Selfossi og veitir jafnframt upplýsingar úr innheimtakerfinu, afgreiðir þinglýsingarvottorð og veitir ýmsar almennar upplýsingar.

Þetta síðasttalda verkefni sýnir hvernig unnt er með góðu móti að sinna verkefnum gegnum tölvu- og upplýsingakerfi embættanna.

Sýslumaðurinn á Hvolsvelli annast veitingu happdrættisleyfa, sbr. reglugerð nr. 1124/2006 um veitingu happdrættisleyfa. Hann sér jafnframt um frágang og útsendingu sektarbréfa fyrir lögregluembættin.

7. 6. 3. Húsnæði og önnur aðstaða

Hjá öllum embættunum er skrifstofuhúsnæðið í mjög góðu standi. Ríkissjóður á umrætt húsnæði nema í Vík. Á Höfn er afgangsrými. Í Vík er einnig ónotað viðbótarrými þrátt fyrir þau sérverkefni sem embættið hefur tekið að sér að annast. Á Höfn, Vík, Hvolsvelli og Vestmannaeyjum væri unnt að bæta við starfsmönnum vegna húsrýmisins. Á Selfossi er skrifstofa sýslumanns og lögreglustöð í sama húsi. Við aðskilnað lögreglu og stjórnsýslu sýslumanns gæti þurft að leggja í einhvern kostnað við skiptingu húsnæðisins.

7. 6. 4. Tillögur að nýrri skipan

Í umdæmi sýslumannsins á Höfn búa nú 2.089 íbúar. Frá Höfn til Víkur eru 272 kílómetrar. Með hliðsjón af þessu þykir rétt að á Höfn verði starfsstöð. Æskilegt væri að þar starfi lögfræðingur sem auk verkefna á Höfn gæti sinnt öðrum verkefnum fyrir sýslumann.

Sýslumaðurinn í Vík hefur tekið að sér mikilvæg verkefni sem er útgáfa Lögbirtingablaðs svo og bókhaldsþjónusta fyrir nokkur sendiráð. Útgáfa Lögbirtingablaðsins krefst umsjónar lögfræðings, sem er nú hlutastarf. Lögð er áhersla á að umræddar skipulagsbreytingar hrófli ekki í neinu við umræddri starfsemi sem er skýrt dæmi um hvernig vel hefur tekist að flytja verkefni út á land. Því er lagt til að í Vík verði starfsstöð sýslumanns með starfandi lögfræðingi þar. Sá gæti einnig starfað fyrir sýslumann eftir atvikum að verkefnum utan Víkur.

Selfoss er langstærsti byggðakjarninn í þessu stjórnsýsluumdæmi. Út frá því sjónarmiði væri eðlilegast að aðalskrifstofa sýslumanns væri þar. Ef hins vegar er litið til þess að Selfoss er í útjaðri umdæmisins sem er víðlent þá kæmi fullt eins til greina að aðalskrifstofa sýslumanns yrði á Hvolsvelli.

Samgöngur við Vestmannaeyjar eru annað hvort á sjó eða í lofti. Því er eðlilegt að dómsmálaráðherra nýti heimildarákvæði í 4. gr. frumvarpsins um sjálfstætt sýslumannsembætti þar. Einnig er eðlilegt að nýta jafnframt heimildarákvæði í 5. gr. frumvarpsins um að fela sýslumanni lögreglustjórn í umboði lögreglustjóra.

7. 7. Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes

7. 7. 1. Núverandi skipan

Á Reykjanesi og höfuðborgarsvæðinu eru nú eftirtaldir sýslumenn:

- a. Sýslumaðurinn í Keflavík**
Íbúafjöldi er 21.348.
- b. Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**
Íbúafjöldi er 38.983.
- c. Sýslumaðurinn í Kópavogi**
Íbúafjöldi er 30.314.
- d. Sýslumaðurinn í Reykjavík**
Íbúafjöldi er 131.555.

7. 7. 2. Sérstök verkefni unnin af sýslumönnum

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði annast löggildingu fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala sbr. reglugerð nr. 1123/2003 um löggildingu fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, en málefnið heyrir undir dómsmálaráðuneytið. Hann fer einnig með innheimtu veiðigjalds samkvæmt 21. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Sjávarútvegsráðuneytið fer með málaflokkinn.

Sýslumaðurinn í Kópavogi annast afgreiðslu sakavottorða, vegabréfa og ökuskírteina fyrir íbúa í Kópavogi og umdæmi sýslumannsins í Reykjavík. Einn lögfræðingur sem vinnur hjá embættinu í Kópavogi vinnur jafnframt í hlutastarfi hjá gjafsóknarnefnd sem hefur starfsaðstöðu þar.

7. 7. 3. Húsnæði og önnur aðstaða

Skifstofuhúsnæði sýslumannanna í Keflavík og Reykjavík er í eigu ríkisins. Húsnæði sýslumannanna í Hafnarfirði og Kópavogi er í eigu einkaaðila. Þeir leigusamningar eru bundnir til nokkurra ára án uppsagnarákvæða.

7. 7. 4. Tillögur að nýrri skipan

Á öllu svæðinu búa nú 222.200 íbúar eða tæp 70% þjóðarinnar.

Samkvæmt meginreglu 3. gr. frumvarpsins ætti einn sýslumaður að vera á stjórnarsýslusvæði 7. Telja verður það óraunhæfan kost að svo stöddu. Því er lagt til að ráðherra neyti heimildar í sömu grein að hafa fleiri sýslumenn á sama stjórnarsýslusvæði. Að frágengnum þeim kosti að hafa einn sýslumann á öllu svæðinu koma til skoðunar eftirfarandi möguleikar:

1. Að skipta svæðinu í tvennt annars vegar höfuðborgarsvæðið í heild og hins vegar Keflavík.
2. Að Reykjavík verði sjálfstætt umdæmi og hins vegar umdæmi sýslumannanna í Kópavogi, Hafnarfirði og Keflavík.
3. Að hafa þrjá sýslumenn 1) í Reykjavík, 2) í Kópavogi og Hafnarfirði og 3) í Keflavík.

Um valkost 1.

Utan Reykjavíkur fara sýslumenn með fleiri málaflokka en sýslumaðurinn í Reykjavík. Má þar nefna innheimtu opinberra gjalda fyrir ríkissjóð, umboðstörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins, útgáfu ökuskírteina og vegabréfa. Því eru þessi embætti ekki sambærileg. Húsnæðismál embætanna geta hér skipt máli. Hugsanlegt er að fá aukið húsrými hjá sýslumanninum í Reykjavík til þess að reka þar eitt embætti á höfuðborgarsvæðinu. Það ber hins vegar að taka tillit til þess að bæði hjá sýslumanninum í Kópavogi og í Hafnarfirði eru bundnir leigusamningar við einkaaðila sem eru óuppsegjanlegir í nokkur ár. Lausleg könnun hefur verið gerð á afköstum lögfræðinga miðað við málafjölda og íbúafjölda í umdæmi. Niðurstaða bendir til þess að afköst lögfræðinga hjá embættinu í Hafnarfirði séu mest á landinu. Næst kemur embættið í Kópavogi og embættið í Reykjavík. Minni afköst eru hjá öðrum sýslumannsembættum. Einnig kemur fram að heildarkostnaður embættisins í Hafnarfirði er lægstur pr. íbúa miðað við sambærileg embætti. Þótt ekki sé rétt að byggja á þessari könnun nema að skoða alla þætti betur sem hugsanlega geta haft áhrif á endanlega niðurstöðu þá bendir hún þó til þess að sameining umræddra embætta muni ekki hafa í för með sér hagræðingu. Því er ekki lagt til að þau verði öll sameinuð.

Um valkost 2.

Sýslumannsembættin í Keflavík, Hafnarfirði og Kópavogi fara með sömu málaflokka. Embættið í Keflavík hefur verið í litlum tengslum við hin embættin. Ekki er gefið að sameining allra embættanna skili árangri enda eru öll embættin af þeirri stærð að þau geta náð árangri hvert um sig í fjárhagslegri hagræðingu án sameiningar. Ekki er ráðlegt að taka ákvörðun um sameiningu nema skoða málið betur. Því er þessum kosti hafnað að svo stöddu.

Um valkost 3.

Samvinna hefur verið talsverð milli embættanna í Kópavogi og Hafnarfirði á undanförunum árum. Eins og áður hefur verið bent á eru afköst hjá báðum þessum embættum góð. Þótt sameining þeirra skili e. t. v. ekki miklum fjárhagslegum ávinningi þá er eðlilegast að skoða þennan valkost fyrst. Haga mætti starfseminni þannig að unnt væri að nýta húsnaði á báðum stöðum. Með þessari breytingu yrðu til tvö öflug sýslumannsembætti á höfuðborgarsvæðinu annað með 131.555 íbúa en hitt með 69.297 íbúa.

Þótt ekki sé lagt til að stærra skref verði stigið á stjórnsýslusvæði 7 en að framan greinir girðir það ekki fyrir það að ráðherra endurskoði þessa ákvörðun síðar ekki síst ef aðstæður breytast t. d. ef breyting verður á innheimtu opinberra gjalda og umboðsstörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins verði færð frá embættunum.

8. Sýslumannsembættin taki að sér ný verkefni

Í þessum kafla eru tilgreind þau verkefni sem embættin hafa haft með höndum og heyra undir önnur ráðuneyti svo og eru tilgreind nokkur ný verkefni sem kæmi til greina að fela þeim.

8. 1. Innheimta opinberra gjalda

Sýslumenn hafa um langa tíð haft með höndum innheimtu opinberra gjalda. Málafni þetta heyrir undir fjármálaráðuneytið. Stækkun umdæma sýslumanna hefur ákveðna hagræðingu í för með sér fyrir innheimtukerfið. Gert er ráð fyrir að sýslumenn utan Reykjavíkur annist áfram þetta verkefni.

8. 2. Umboðsstörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins

Sýslumenn hafa um langa tíð annast þjónustu fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Málafnið heyrir undir félags- og tryggingamálaráðuneytið. Starfsmenn sýslumanna sem hafa annast þennan málaflokk búa yfir mikilli þekkingu á málaflokknum. Telja verður að þjónusta þessi njóti almennt stuðnings hjá þjónustugegum, sem margir eru háðir persónulegri þjónustu t. d. eldra fólk sem ekki hefur tileinkað sér þekkingu á internetinu. Til stuðnings þeirri fullyrðingu má geta um skoðanakönnun er gerð var hjá þjónustugegum Tryggingastofnunar ríkisins í júlí 2008. Samkvæmt þeirri könnun kom í ljós að þjónustugegar utan Reykjavíkur voru ánægðari með þjónustu tryggingaumboðanna, sem rekin eru hjá sýslumönnum, heldur en þjónustugegar aðalskrifstofu Tryggingarstofnunar í Reykjavík.

8. 3. Sýslumannsembættin verði í auknum mæli þjónustumiðstöðvar fyrir stjórnarsýslu ríkisins í héraði

Þjónustan getur verið fyrir dómsmálaráðuneytið eða önnur ráðuneyti eða stofnanir ríkisins. Þjónustan getur verið með ýmsu móti. Sem dæmi mætti nefna:

- Þjónustan gæti verið fólgin í því að stofnanir sem hefðu útibú á stjórnarsýslusvæðinu nytu ýmis konar stoðþjónustu frá sýslumannsembætti svo sem bókhaldsþjónustu og símsvörunarþjónustu í húsnæði sýslumannsembættis.
- Þjónustan gæti verið fólgin í því að viðkomandi stofnun hefði starfsaðstöðu í húsnæði sýslumannsembættis.
- Þjónustan gæti einnig verið fólgin í því að sýslumanni eða tilteknum starfsmanni hans væri falin ákveðin verkefni í þágu tiltekinnar stofnunar.

Öll slík þjónusta yrði að vera samkvæmt samningi milli stofnunarinnar og viðkomandi sýslumanns, sniðin að þörfum viðkomandi stofnunar.

Telja verður að það sé forsenda þess að sýslumannsembættin verði eflað með nýjum verkefnum að skipan embættanna og fjöldi verði í samræmi við tillögur skýrslunnar.

8. 4. Þjónusta við sveitarfélög á stjórnarsýslusvæðinu

Rétt er fyrir sveitarfélög á hverju stjórnarsýslusvæði að kanna þá möguleika sem felast í nánari samvinnu milli sveitarfélaga og viðkomandi sýslumannsembættis. Nefna mætti t. d. innheimtu á fasteignagjöldum eða öðrum gjöldum. Önnur verkefni koma til greina svo sem símsvörun, bókhaldsþjónusta og fleiri verkefni fyrir minni sveitarfélög.

8. 5. Ýmis innheimtuþjónusta fyrir ríkisstofnanir

Sýslumaðurinn á Blönduósi hefur frumkvæði að því að koma á innheimtumiðstöð þar sem innheimtar eru sektir og málskostnaður fyrir landið í heild. Til viðbótar hefur bæst við innheimta á ýmsum gjöldum eða kröfum sem ýmsar ríkisstofnanir eða ráðuneyti þurfa að

innheimta. Við innheimtumiðstöðina á Blönduósi starfa nú 12 manns. Telja verður að þessi starfsemi hafi skilað góðum árangri. Því ber að skoða þennan þátt betur í því skyni að efla hann þannig að ríkisstofnanir gætu í meira mæli leitað til slíkrar innheimtumiðstöðvar.

Hér er um verkefni að ræða sem að meginhluta hefðu annars verið unnin á höfuðborgarsvæðinu. Góður árangur af þessari starfsemi styrkir þá skoðun að færa eigi fleiri slík innheimtuverkefni í auknum mæli út á land.

8. 6. Þjónusta við embætti lögreglustjóra

Telja verður að hagkvæmt sé, utan stjórnsýslusvæðis 7, að fela sýslumönnum ýmsa stoðþjónustu við hin nýju lögregluembætti, t. d. bókhaldsþjónustu og símsvörun. Einnig kæmi til greina að sýslumenn eða löglærðir fulltrúar þeirra tækju að sér afmörkuð verkefni í umboði lögreglustjóra svo sem frágang á sektargerðum og mætingar við þingfestingu mála í héraðsdómi. Eðlilegt er að sýslumaður á hverjum stað og lögreglustjóri geri samning um slíkt. Umrætt fyrirkomulag myndi spara ferðakostnað lögfræðinga.

8. 7. Skönnun skjala

Hjá sýslumanninum á Ísafirði eru skönnuð skjöl fyrir önnur sýslumannsembætti. Heppilegt væri að finna fleiri slík verkefni.

8. 8. Símaþjónusta

Æskilegt væri að finna þjónustuverkefni fyrir stofnanir á höfuðborgarsvæðinu. Hugsanlegt er t. d. símaþjónusta fyrir lögreglustjóraembættið í Reykjavík eða jafnvel símaþjónustu fyrir öll lögregluembætti á landinu á einum stað.

8. 9. Þjónusta við ríkisstofnanir á höfuðborgarsvæðinu og flutningur starfa út á land

Skoða þyrfti þann möguleika að færa fleiri verkefni opinberra stofnana á höfuðborgarsvæðinu en þegar eru nefnd út á land og nýta þá möguleika sem breytt skipan sýslumannsembætta gefur. Vakin er sérstök athygli á góðum árangri hjá innheimtumiðstöðinni á Blönduósi og útgáfa Lögbirtingablaðsins og bókhaldsþjónusta fyrir nokkur sendiráð svo og önnur fleiri verkefni sem sýslumenn hafa tekið að sér að annast og verður vikið að síðar.

Það má segja í grófum dráttum að flutningur opinberra starfa út á land geti gerst með tvennum hætti. Annars vegar með því að flytja ríkisstofnanir út á land og hins vegar að flytja einstök verkefni þeirra. Varðandi síðari kostinn geta sýslumannsembættin gegnt hér mikilvægu hlutverki. Með samningi milli sýslumannsembættis og viðkomandi stofnunar væri á einfaldan hátt hægt að flytja störf án þess að kosta of miklu til. Víða í sýslumannsembættum er vannýtt húsnæði. Starfsemi sem flutt yrði til sýslumannsembættis nyti ýmissar þjónustu sem fyrir væri í viðkomandi embætti.

8. 10. Hvernig yrði hugmyndum um flutning nýrra verkefni komið í framkvæmd?

Það sem nefnt hefur verið í þessum kafla af verkefnum sem skynsamlegt væri að fela sýslumannsembættum verður ekki komið í framkvæmd nema með samstilltu átaki allra þeirra sem málið varðar.

8. 11. Ný verkefni sem þarfnast lagabreytinga

Hér eru talin upp nokkur verkefni sem kæmi til greina að fella undir starfssvið sýslumanna. Í öllum tilvikum þarf að breyta lögum.

8. 11. 1. Sýslumönnum yrði falin útgáfa á leyfum og skírteinum sem lögreglustjórar gefa út samkvæmt gildandi lögum

Lagt er til að sýslumönnum verði falin útgáfa á öllum leyfum sem lögreglustjórar gefa nú út samkvæmt lögum. Samkvæmt gildandi lögum er ríkislögreglustjóri útgefandi ökuskírteina en getur falið lögreglustjórum eða sýslumönnum að annast útgáfuna. Í reynd gefa sýslumenn út ökuskírteini. Sýslumaðurinn í Kópavogi annast útgáfu á ökuskírteinum og vegabréfum fyrir allt höfuðborgarsvæðið utan umdæmis sýslumannsins í Hafnarfirði. Fleiri leyfi mætti nefna svo sem leyfi samkvæmt vopnalögum, rekstrarleyfi fyrir veitinga- og gististaði samkvæmt lögum nr. 85/2007 og ýmis fleiri leyfi.

8. 11. 2. Þjónusta við Þjóðskrá.

Lagt er til að skoðaður verði sá möguleiki að sýslumenn verði umboðsaðilar fyrir Þjóðskrá hver í sínu umdæmi. Samkvæmt gildandi lögum ber sveitarstjórnnum ákveðið hlutverk varðandi búsetuskráningu. Skoða ber hvort ekki sé hagkvæmt að fela sýslumönnum hér hlutverk sem gæti falist í því að annast skráningu í þjóðskrá hver í sínu umdæmi og jafnframt útgáfu vottorða úr þjóðskrá. Til þess að svo megi verða þarf að breyta lögum um þjóðskrá og almannaskráningu nr. 54/1962.

8. 11. 3. Sáttá- og smámálameðferð.

Í 107. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála eru ákvæði um að vísa megi máli til sýslumanns til sáttaumleitana. Á þetta ákvæði hefur lítið reynt. Til þess að úrræði samkvæmt fyrrgreindri lagagrein verði í raun virkt þarf að koma til ítarlegrar reglur sem geri það fýsilegt fyrir aðila að leita til sýslumanns. Telja verður að þörf sé fyrir einfaldari og ódýrari úrræði til þess að útkljá deilumál aðila án þess að leita til dómstóla með ágreininginn. Eðlilegt er að fela sýslumönnum þetta verkefni. Slík einföld og ódýr málsmeðferð gæti hentað ef hagsmunir sem um er deilt eru tiltölulega litlir eða ágreiningurinn er þess eðlis að líkur séu á að slík málsmeðferð skili árangri. Ljóst er að setja þarf lög um þetta efni.

9. Fjárhagslegur ávinningur af nýrri skipan sýslumannsembættanna

Þegar metinn er fjárhagslegur ávinningur af umræddum breytingum samkvæmt drögum að meðfylgjandi frumvarpi koma til skoðunar m. a. eftirtalin atriði:

1. Kostnaður vegna sameiningar umdæma er óverulegur

Tillögurnar byggja á því að núverandi húsnæði verði nýtt án breytinga. Þótt stofnuð verði fjögur ný lögreglustjóraembætti mun það ekki hafa í för með sér kostnaðarauka varðandi húsnæði nema hugsanlega á einum stað. Annar kostnaður yrði óverulegur. Þetta eitt er mikilvæg niðurstaða því oftast er fórnarkostnaður óhóflega stór miðað við ávinninginn þegar stofnanir eru sameinaðar.

2. Sýslumannsstöðum fækkar

Eins og tillögurnar liggja fyrir verða stjórnsýsluumdæmin samtals 7. Miðað við að dómsmálaráðherra nýti heimildir samkvæmt 4. gr. frumvarpsins eins og lagt er til þá verða sýslumenn samtals 10. Nú eru sýslumenn samtals 24. Sýslumannsstöðum fækkar því um 14. Þar á móti kemur að 4 nýjar stöður lögreglustjóra verða teknar upp. Heildarfækkun forstöðumanna eru því 10 talsins.

3. Kostnaður við yfirstjórn mun minnka

Með fækkun embættanna minkar stjórnunarkostnaður. Nefna má sem dæmi eftirtalda verkþætti:

- Fjárlagagerð
- Rekstraráætlun
- Ársskýrsla
- Starfsmannastefna
- Fyrirmæli og verklagsreglur innan stofnunar
- Heimasíða
- Starfsmannahald
- Starfsmannabókhald
- Rekstrarbókhald
- Ársuppgjör
- Mánaðarskilagreinar

Vinna vegna allra þessarra verkþátta mun minnka talsvert með sameiningu embættanna.

4. Betri nýting starfsmanna

Með stækkun embættanna verður hægara að nýta starfsmenn betur en áður. Sem dæmi má nefna að verkefni lögfræðinga í einhverju embætti er of mikil fyrir einn lögfræðing en of lítil fyrir tvo. Einnig má benda á að gert er ráð fyrir að lögfræðingar geti starfað á starfsstöðvum þótt verkefni þar séu ekki nægileg fyrir þá ef þeir geta unnið að verkefnum í þágu sýslumannsembættisins í gegnum internetsamskipti. Þetta gildir í raun um alla aðra starfsmenn. Það er því augljóst að nýting starfsmanna verður betri og leiðir jafnframt til sparnaðar.

5. Meiri verkaskipting og sérhæfing mun leiða til sparnaðar

Fullyrða má að unnt sé að lækka rekstrarkostnað embættanna með því að nýta þá möguleika sem gefast með stækkun embættanna og jafnframt meiri verkaskiptingar og sérhæfingar.

Nefna má sem dæmi:

- Bókhald verði á einum stað.
- Símvavarsla og upplýsingagjöf verði á einum stað.
- Málaskráning gæti verið á einum stað.
- Málaflokkar verði sameinaðir.
- Meiri verkaskipting lögfræðinga.

Með þessu er ekki þar með sagt að starfsemi þessi verði öll á starfsstöð þar sem sýslumaður hefur aðalskrifstofu. Möguleiki er að skipta þessum verkefnum milli starfsstöðva eftir því sem sýslumaður telur hentugast.

6. Samvinna milli sýslumannsembættanna og lögregluembættanna

Eftir viðræður við sýslumenn víða um land svo og yfirmenn lögreglu eru líkur á því að unnt sé að draga úr kostnaði við stofnun nýrra embætta lögreglustjóra með því að sýslumannsembættin veiti lögregluembættunum ákveðna stoðþjónustu. Nefna má hér einkum bókhald og símaþjónustu.

7. Auðveldara að mæta kröfum um niðurskurð

Fullyrða má að auðveldara er fyrir sýslumannsembættin að mæta kröfum um niðurskurð eftir sameiningu þeirra en áður.

8. Sparnaður mun ekki skila sér þegar í stað

Það er nokkuð ljóst að sparnaður og hagræðing mun ekki skila sér þegar í stað. Uppsagnir starfsmanna koma til greina eða lækkun launa innan marka kjarasamninga eða lækkun starfshlutfalls starfsmanna. Varanlegur sparnaður mun ekki koma í ljós fyrir en hagræðingarmöguleikar sem felast í breytingum þessum eru fullreyndir.

9. Takmarkaður sparnaður á rekstri húsnæðis

Það hefði verið unnt að ganga lengra í sameiningu embættanna með því að loka starfsemi sýslumanna á fleiri stöðum en gerð er hér tillaga um. Með því hefði mátt ná niður kostnaði í meira mæli en gerð er hér tillaga um. Þetta var ekki gert af tveimur ástæðum:

- a) Það hefði dregið meira úr þjónustu við íbúa á vissum svæðum en heppilegt hefði verið.
- b) Það hefði spilt fyrir þeim hugmyndum um að flytja verkefni út á land þar sem húsnæði er laust og aðstaða er fyrir hendi.

10. Reiknilíkan verði notað við útreikning fjárveitinga

Ljóst er að taka verður til endurskoðunar fjárveitingar til sýslumannsembættanna eftir að nýskipan sýslumannsembættanna hefur tekið gildi. Rétt er að skoða þá hugmynd að nota reiknilíkan sem grundvöll að skiptingu fjárveitinga til sýslumannsembættanna. Það sem gerir það fýsilegt er að öll sýslumannsembættin eru með sams konar starfsemi nema með nokkrum undatekningum. Í slíku reiknilíkani yrði að taka mið af málafjölda og umfangi starfseminnar svo og að teknu tilliti til sérverkefna sem einstök embætti hafa tekið að sér. Til þess að slíkt líkan sé réttlátt þarf að taka tillit til margra þátta eins og fjölda starfsstöðva og útibúa, meiri ferðakostnaðar vegna fjarlægðar frá Reykjavík svo og þeirrar staðreyndar að stærra embætti eru að jafnaði hagkvæmari í rekstri en hin minni. Einnig verður að taka tillit til kostnaðar sem er háður öðrum þáttum en venjulegur rekstrarkostnaður svo sem húsnæðiskostnaður.

11. Tölulegar upplýsingar um sparnað

Í skýrslu þessari eru ekki birtir útreikningar á áætluðum sparnaði sem nýskipan sýslumannsembættanna gæti skilað. Skipta má væntanlegum sparnaði í tvennt. Annars vegar er um beinan sparnað að ræða sem unnt er reikna út með nokkurri nákvæmni og kæmi strax fram. Þar má nefna niðurlagðar stöður sýslumanna, embætti sem lögð verða niður eða önnur atriði sem eru auðmælanleg. Hinsvegar er um að ræða sparnað, sem ekki kemur fram að öllu leyti fyrir en síðar og felst í því að embætti samkvæmt nýrri skipan ráða betur við kröfur um sparnað og hagræðingu en núverandi embætti. Gerð verður betur grein fyrir áætluðum sparnaði á sérstakri greinargerð.

10. Lokaorð

Undirritaður telur að með þessari skýrslu og meðfylgjandi tillögu að frumvarpi og drögum að mati á kostnaðarlækkun vegna umræddra breytinga hafi hann hér með lokið því verkefni sem hann var skipaður til samkvæmt skipunarbréfi sem nefnt er í inngangi skýrslunnar.

Reykjavík, 28. febrúar 2010,

Þorleifur Pálsson

Fylgiskjal I

Tillaga að frumvarpi til laga um framkvæmdavald ríkisins í héraði

1. gr.

Sýslumenn fara með stjórnýslu ríkisins í héraði eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um eða samkvæmt stjórnvaldsfyrirmælum.

Embætti sýslumanna eiga undir dómsmálaráðherra.

2. gr.

Dómsmálaráðherra skipar sýslumenn til fimm ára í senn.

Engan má skipa sýslumann, nema hann fullnægi almennum skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara, öðrum en um lágmarksaldur.

3. gr.

Landinu er skipt í eftirtalin stjórnýslusvæði:

1. Vesturland
2. Vestfirðir
3. Norðurland vestra
4. Norðurland eystra
5. Austurland
6. Suðurland
7. Suðvestursvæðið

Dómsmálaráðherra ákveður nánar mörk milli stjórnýslusvæða.

4. gr.

Einn sýslumaður skal vera á hverju stjórnýslusvæði. Ráðherra getur þó ákveðið að á sama stjórnýslusvæði séu fleiri en einn sýslumaður ef það er nausynlegt vegna erfiðra samgangna enda telji starfssvæði sýslumanns fleiri en fjögurþúsund íbúa eða ef það þykir hagkvæmt vegna stærðar embættis enda telji starfssvæðið fleiri en tuttugurþúsund íbúa. Ef fleiri en einn sýslumaður eru á sama stjórnýslusvæði skulu þeir hafa samráð um þjónustuna.

5. gr.

Auk þeirra verkefna sem tilgreind eru í 1. gr. fara sýslumenn að óbreyttu með þau verkefni sem þeir hafa sinnt svo og önnur verkefni sem þeim er falið að annast og falla undir stjórnýslu ríkisins í héraði. Að auki getur dómsmálaráðherra falið einstökum sýslumönnum tiltekin verkefni. Einnig getur dómsmálaráðherra falið einstökum sýslumanni verkefni sem annars félli undir annan sýslumann.

Heimilt er að fela sýslumanni lögreglustjórn í umboði lögreglustjóra á sínu starfssvæði.

6. gr.

Sýslumenn bera ábyrgð á rekstri síns embættis.

Dómsmálaráðherra ákveður hvar sýslumaður skuli hafa aðalskrifstofu, hvar skuli vera aðrar starfsstöðvar er veiti fulla þjónustu og hvar skuli vera útibú er veiti minni þjónustu.

Sýslumaður semur skipurit fyrir sitt embætti og skal það staðfest af ráðherra. Í skipuritinu skal m. a. koma fram hver beri ábyrgð á stjórnun starfsstöðva.

Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra skulu bera einkennisfatnað eftir því sem ráðherra ákveður í reglugerð. Þeir skulu bera sérstök skilríki við störf utan skrifstofu. Ráðherra ákveður útlit, efni og notkun slíkra skilríkja.

7. gr.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skipan mála samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011. Jafnframt falla úr gildi lög um framkvæmdavald ríkisins í héraði nr. 92/1989.